

✉ Re: Ósk eftir umsögn, Reykholt í Þjórsárdal, dsk.breyting - 2208038

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 11.11.2022 11:58:17 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 11.11.2022 11:58:16 |
| Tilheyrir |  202209-0032 - Reykholt í Þjórsárdal, dsk.breyting - ósk eftir umsögn |

Efni

Re: Ósk eftir umsögn, Reykholt í Þjórsárdal, dsk.breyting - 2208038

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 11.11.2022 11:58:16 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurds@ni.is) |
| Til | ellisif@utu.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0032 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. 29. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagsbreytingu í Reykholti í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjareppi.

Deiliskipulagið sem er í gildi veitir heimild fyrir uppbyggingu hótels sem byggt er inn í hlíð Rauðukamba með allt að 45 gistirýmum fyrir allt að 100 gesti ásamt veitingaraðstöðu og búnings- og baðaðstöðu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um deiliskipulagið og meðfylgjandi breytingu á aðalskipulagi bæði þann 23. janúar 2018 og þann 31. maí 2018. Vísað er í þær umsagnir en þar er t.d. tekið undir sjónarmið tillögunnar um gróður og frágang lóða, um að halda raski í lágmarki og að mannvirki skuli felld að landi. Teikningar af mannvirkjum lágu þá ekki fyrir þannig að ekki var að fullu skýrt hve mikið hlíðum Rauðkamba yrði raskað. Bent var á að þótt jarðmyndanir falli ekki undir 61. gr. laga um náttúruvernd geta þær samt verið sérstakar. Rauðukambar teljast til móbergsfjalla en þar eru súrir berggangar sem rekja má til Þjórsárdalsmegineldstöðvarinnar. Slík fjöll eru ekki svo víða á landinu og nær alltaf tengd megineldstöðvum. Það er því að miklu unnið að halda raski í lágmarki og huga vel að ásýndaráhrifum. Aðaluppdrættir fyrir hönnun hafa ekki enn verið kynntir og því erfitt að leggja endanlegt mat á hvernig raski á hlíðum

Rauðkamba verði háttað og hvernig hönnunar- og framkvæmdaútfærslur munu tryggja að markmið um frágang og ásýndaráhrif náist. Að byggja inn í fjallið felur væntanlega í sér ýmsar tæknilegar áskoranir sem rýna þarf vel m.a. með tilliti til umfangs og eðlis rasks. Aðkoma vinnuvéla og framkvæmdaaðstaða er einnig atriði þar sem vanda þarf vel til verka.

Deiliskipulagsbreytingin núna varðar það að tilfærsla og breyting verður á lögun lóðar fyrir hótelið en lóðin stækkar ekki að stærð. Tilfærslan er talin þjóna þeim tilgangi að fella bygginguna betur að landinu. Þá er bætt við byggingarreit yfir borholu. Einnig breytast skilmálar fyrir baðlón að því leyti að gert er ráð fyrir að það geti orðið allt að 1000 fermetrar að stærð og að fyrir neðan lónið stallast yfirfallslón niður með hlíðinni. Þá kemur fram að stærstur hluti affallsvatns og vatns úr húsakerfum verður dælt eftirhreinsun niður í vatnskerfi í jarðlögum til þess að viðhalda eðlilegum vatnsbúskapi á svæðinu. Hinn hlutinn er leiddur í læk sem síðar sameinast Fossá neðar í landinu. Ekki kemur fram hvernig hreinsunin verður og hvað gera eigi við t.d. botnfall í yfirfallslónum. Þá þarf að skoða vandlega hvort og hvaða áhrif verða á rennsli og vatnsgæði í Fossá.

Í ljósi þess að áætluð uppbygging er staðsett innan friðlýsts svæðis og felur í sér óafturkræft rask á jarðminjum og landslagi þá óskar Náttúrufræðistofnun eftir því að fá tækifæri til að veita umsagnir um framkvæmdina á síðari stigum t.d. við veitingu framkvæmdaleyfis þegar endanlegt fyrirkomulag framkvæmdarinnar liggur fyrir, til að fylgja eftir því að markmiðum deiliskipulagsins t.d. um lítil ásýndaráhrif og góðan frágang sé náð.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>

To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>

CC:

Subject: Ósk eftir umsögn, Reykholt í Þjórsárdal, dsk.breyting - 2208038

Date: 29.9.2022 14:46:43

Góðan dag

Óska hér með eftir umsögn á deiliskipulagsbreytingu í Reykholti í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tillagan er í auglýsingu frá 29. sept. til 11. nóv. 2022.

Bestu kveðjur,

Ellisif Bjarnadóttir
Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafultrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: ellisif@utu.is (<mailto:ellisif@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á [island.is](http://www.island.is/) (<http://www.island.is/>) (mínar síður)